

Hagfræði á Íslandi: Brautin rudd

Þorvaldur Gylfason¹

I. Í upphafi var orðið

Orðið „hagfræði“ kemur fyrst fyrir, svo vitað sé, í ritgerð séra Arnljóts Ólafssonar (1823-1904) í *Skýrslum um landshagi á Íslandi 1857*.² Upphafsorð ritgerðar Arnljóts eru þessi: „Hagfræðin er skýring á högum lands og lýða, framsögð í tölum.“ Næst kemur orðið fyrir í ræðu á Alþingi 1861, en þar segir ræðumaður: „En eg láí meira þíngmanni Borgfirðinga, sem er maður vel að sér í hagfræði og stjórnfræði, hvernig hann hefir tekið í þetta mál.“³ Freistandi væri að álykta, að ræðumaðurinn hlyti að hafa verið Jón Sigurðsson (takið eftir broddunum í „þíngmanni Borgfirðinga“),⁴ en svo er ekki, Jón sótti ekki þingfundi 1861 og 1863, þetta voru þau ár, þegar hann kom ekki til Íslands í sex ár samfleytt 1859-1865, sár eftir deilurnar um fjárkláðann. Þessu næst birtist orðið hagfræði á prenti skömmu eftir 1860, en þar sagði um Jón Sigurðsson: „hann hafði lagt sig eptir hagfræði í Höfn.“⁵ Í fjórða sinn birtist orðið hagfræði á prenti 1866 í riti Bókmenntafélagsins: „... alþíngismenn vantaði allar almennar skýrslur um hagfræði landsins“. Hér heldur Jón Sigurðsson á penna.⁶

Það var einkum fyrir áhrif Jóns Sigurðssonar, að Arnljótur Ólafsson, sem hafði lokið stúdentsprófi 1851, kominn undir þrítugt, stundaði síðan um nokkurra ára skeið nám í hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Arnljótur lauk ekki prófi í hagfræði, ekki frekar en Jón sjálfur á undan honum. Á Hafnarárunum var Arnljótur ritstjóri *Skírnis* 1853 og aftur 1855 til 1860. Arnljótur var líkt og flestir aðrir íslenzkir Hafnarstúdentar handgenginn Jóni Sigurðssyni, sem var tólf árum eldri en Arnljótur. Arnljótur var framan af Hafnarvistinni tíður gestur á heimili Jóns þar og Ingibjargar

¹ Sögunna, sem rakin er í þessari ritgerð, hef ég að mestu sagt áður efnislega. Sjá Þorvaldur Gylfason, „Brautryðjandinn“, *Viðskipta- og hagfræðingatal*, 1. Bindi (Þjóðsaga, Reykjavík, 1997, bls. 20-29), og *Að byggja land* (Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1997, bls. 7-24). Í þessari gerð hef ég aukið ýmsu við efnið, meðal annars með nýjum tilvitnunum í orð söguhetjunnar. Höfundur þakkar Ólafi Ísleifssyni hagfræðingi gagnlegar ábendingar.

² Sjá Gylfi Þ. Gíslason, *Rekstrarhagfræði*, 1. Bindi (Íðunn, Reykjavík, bls. 37).

³ Heimild: Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans, <http://www.lexis.hi.is>.

⁴ Þegar Barnakennarafélag Þingeyjarsýslu samþykkti ályktun þess efnis, að Halldór Kiljan Laxness kynni ekki íslenzku og bækur hans væru árás á barnakennarastéttina, svaraði Halldór því til, að þá hefðu Jón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson varla heldur kunnað íslenzku, því að hann hefði í öllum aðalatriðum sótt ritreglur sínar til þeirra (*Að byggja land*, bls. 68).

⁵ *Íslendingur*, 2. árg. (Kaupmannahöfn, 1860-1865).

⁶ Sjá Jón Sigurðsson og Pétur Pétursson, „Stofnan félagsins og athafnir um fyrstu fimmtíu árin 1816-1866“ (Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1867).

Einarsdóttur, konu hans, en hann snerist síðar gegn Jóni og sumum baráttumálum hans eins og síðar verður vikið að.

Indriði Einarsson (1851-1939) lauk fyrstur Íslendinga prófi í hagfræði, frá Hafnarháskóla 1877. Indriði var, líkt og Arnljótur löngu áður og aðrir íslenzkir stúdentar, ævinlega heimgangur á heimili Jóns og Ingibjargar í Kaupmannahöfn og birti í ævisögu sinni 1936 frásögn af heimilislífínu þar og gestagangi.⁷ Indriði var endurskoðandi landsreikninga um langt skeið og gerðist skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, en hann er þó betur þekktur með þjóðinni sem leikskáld. Leikrit hans, *Nýársnóttin*, var sýnt við vígslu Þjóðleikhússins 1950. Önnur leikrit hans eru *Dansinn í Hruna* og *Hellismenn* auk þýðinga á leikritum Williams Shakespeare og Henriks Ibsen.

Þrátt fyrir hagfræðipróf Indriða Einarssonar og starf hans í fjármálaráðuneytinu var löngum litið á Arnljót Ólafsson sem fyrsta íslenska hagfræðinginn, sem höfundur fyrsta hagfræðiritisins á íslenzku. *Auðfræði* hans kom út í Kaupmannahöfn 1880. Þessi bók var ekki frumlegt verk, það var ekki ætlan höfundarins, en bókin var aðgengilegur, greinargóður og kjarnyrtur inngangur að hagfræði, skrifuð undir áhrifum franska hagfræðingsins Frédéric Bastiat (1801-1850), eins og Arnljótur lýsir í formála, en höfuðrit Bastiats er *Harmonies économiques* (1850). Bastiat var skemmtilegur höfundur og fundvís á góðar hugmyndir líkt og hagræna samhljóminn í heiti bókar hans og gagnlegar þversagnir. Hann segir á einum stað: „Ríkið er draumaland, þar sem allir reyna að lifa á kostnað annarra.“ Arnljótur Ólafsson lærði til prests og var sveitaklerkur á Íslandi alla ævi að loknu námi, auk þess sem hann sat um skeið á Alþingi flest árin frá 1858 til 1893, síðustu árin sem konungkjörinn þingmaður, allur á bandi Dana. Á þingi hélt hann fram frjálslyndum skoðunum um efnahagsmál. Alþingi kom þá saman nokkrar vikur í senn annað hvert sumar.

Sé hún tekin gild skilgreiningin að baki þeirrar gömlu skoðunar, að Arnljótur Ólafsson sé fyrsti íslenski hagfræðingurinn, sem höfundur fyrsta hagfræðiritisins á íslenzku, þótt hann væri próflaus, virðist mér nær að telja Jón Sigurðsson hafa riðið á vaðið. Jón lauk að vísu ekki prófi í hagfræði í Höfn, ekki frekar en Arnljótur (og ekki heldur í nokkurri annarri grein), en Jón las í hagfræði og stjórnvísindi auk sögu fornaldar, bókmennta og klassískrar málfræði við Hafnarháskóla eftir 1833.

⁷ Indriði Einarsson, *Séð og lifað. Endurminningar*, 2. útg. (Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1972).

Næstum 40 árum áður en *Auðfræði* séra Arnljóts kom út, birti Jón Sigurðsson langa og lærða ritgerð, „Um verzlun á Íslandi“, í *Nýjum félagsritum* 1843. Í ritgerð sinni færir Jón rétt og skynsamleg rök að kostum frjálsra millilandaviðskipta með fjölbreyttum og glæsilegum blæbrigðum. Ritgerðin vitnar um staðgóða þekkingu hans á hagfræði og sögu síns tíma, enda átti hann og las m.a. höfuðrit eftir David Ricardo (1772-1822) og Jean Babtiste Say (1767-1832) um þjóðhagfræði.⁸ Röksemdir Jóns eiga við orðréttar enn á okkar dögum sem snörp andsvör við málflutningi andstæðinga frjálsra viðskipta. Jón birti ýmis önnur rit um hagfræði, þar á meðal *Litla fiskibók* (Kaupmannahöfn, 1859), *Litla varningsbók handa bændum og búmönnum á Íslandi* (Kaupmannahöfn, 1861), *Um fjárhagsmálið og meðferð þess á Alþingi 1865* (Reykjavík, 1867), enn aðra langa ritgerð, „Um verzlun og verzlunarsamtök“, í *Nýjum félagsritum* 1872 og loks *Fjárhagur og reikningar Íslands* (Kaupmannahöfn, 1875) auk fjölmargra annarra ritgerða og greina. Áður en Jón ákvað að skrifa fyrstu ritgerð sína um verzlunarmálin, velti hann því fyrir sér um hríð, hvort hann ætti e.t.v. heldur að skrifa kennslubók í hagfræði, en hann féll frá þeirri hugmynd. *Varningsbókinni*, sem birtist 18 árum síðar, var þó ætlað að vera eins konar kennslubók í hagnýtri hagfræði. Dönskum stjórnvöldum var vel kunnugt um hagfræðiþekkingu Jóns Sigurðssonar af skrifum hans í dönsk blöð. Kom til tals 1855, að Jón yrði skipaður hagstofustjóri í Danmörku, en af því varð ekki.⁹

Fyrir daga Jóns forseta skrifuðu tveir samtíðarmenn Adams Smith (1723-1794), föður hagfræðinnar, markverðar ritgerðir um hagfræði á íslenzku, eina hvor. Skúli Magnússon landfógeti (1711-1794) birti ritgerð sína „Sveita bóndi“ 1784 í *Lærdómslistafélagsritunum*, 4. bindi, og fjallaði um framleiðslukostnað og rekstrarhagkvæmni á þann hátt, að honum virðist hafa verið kunnugt um verk François Quesnay (1694-1774) auk Smiths. Hannes Finnsson biskup (1739-1796) birti ritgerð sína „Um mannfækkun af hallærum á Íslandi“ 1796, einnig í *Lærdómslistafélagsritunum*, 14. bindi, og rakti þar sögu hallæra á Íslandi, orsakir þeirra og afleiðingar, frá upphafi Íslandsbyggðar til 1793.¹⁰ Ólíkt ritgerð Jóns Sigurðssonar voru ritsmíðar Skúla Magnússonar og Hannesar Finnssonar ekki hlutar af meira og fjölbreyttara verki um hagræn efni, heldur stök ritverk, líkt og *Auðfræði*

⁸ Sjá Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson*, 1. bindi, *Viðbúnaður* (Hið íslenska þjóðvinafélag, Reykjavík, 1929, bls. 364).

⁹ Sjá Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar* (Skuggsjá, Hafnarfirði, 1961, bls. 194).

¹⁰ Sjá Gylfi Þ. Gíslason, *Rekstrarhagfræði*, 1. bindi, 2. kafli (Iðunn, Reykjavík, 1986). Ritgerð Hannesar biskups var gefin út að nýju árið 1970 með inngangi eftir Jóhannes Nordal. Sjá Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum* (Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1970).

Arnþjóts Ólafssonar, en þær voru eigi að síður mikilvægir undanfarar viðameiri verka Jóns Sigurðssonar og síðan *Auðfræði* séra Arnþjóts.

II. Skrif Jóns forseta um frjáls viðskipti

Fáein dæmi af málflutningi Jóns Sigurðssonar úr ritgerð hans „Um verzlun á Íslandi“ frá 1843 ættu að duga til að sýna, hversu gott vald hann hafði á klassískri hagfræði og hversu brýnt erindi boðskapur hans á enn við Íslendinga 170 árum síðar.

Jón skildi, að efnahagsumbætur þurfa iðulega að vera róttækar, eigi þær að bera árangur. Hann segir um Jón Eiríksson (1728-1787), lögfræðing og konferensráð í Kaupmannahöfn:

Ást hans á Íslandi var svo heit og viðkvæm eins og nokkurs Íslendinga hefir verið, en hún var, ef svo mætti að orði kveða, of viðkvæm. Hann var líkur lækni þeim, sem kallaður er til sjúklings þess, sem sleginn er dauðlegu meini; hann sá án efa, hversu meinið var og hversu skera þurfti, en hann gat ekki fengið af sér að skera nógu djúpt, því hann aumkaðist yfir sjúklinginn.¹¹

Hér lýsir Jón vel þeim andstæðu og ævagömlu sjónarmiðum, sem vegast iðulega á, þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir um efnahagsmál, til dæmis eftir kerfisumskipti eða fjármálahrún. Sumir kjósa gagngerar umbætur í einum rykk, það er að skera djúpt, en aðrir óttast óþægindin og ýmsa fylgikvilla í bráð og kjósa því heldur hæggar umbætur í áföngum. Stundum á annað vel við, stundum hitt eftir atvikum.

Jón Sigurðsson heimtaði alfrjálsa verzlun og engar refjar. Hann gerði enga fyrirvara og engar undantekningar:

... þegar verzlunin var frjáls í fornöld, þá var landið í mestum blóma. ... verzlunarfrelsið ætti að vera sem mest, og meðan nokkrir annmarkar eru slíkir eftir, sem vanir eru að fylgja verzlunaránaud, þá eru þeir hver um sig hin sterkasta ástæða frelsisins, sem reynzt hefir að öllum vonum. Ísland á hægast með að fá nauðsynjar þær, sem það þarfnast, með því að leyfa öllum, sem það geta, að færa sér þær, hvort sem þeir taka sjálfir þátt í því eða ekki. Atvinnuvegir landsins dafna svo bezt, að verzlunin sé sem frjálsust, og með þeim hætti einum geta kaupstaðir komizt á fót svo í lagi fari. Allt ásigkomulag Íslands mælir þessvegna með verzlunarfrelsi.¹²

Jóni var ljóst, að fríverzlun var beitt tæki til að bæta lífsskjör þjóðarinnar og einnig til að efla þéttbýlið. Jón skildi, að viðskiptafrelsi hverfist bæði um magn og gæði:

¹¹ Sjá *Af blöðum Jóns forseta*, Sverrir Jakobsson, ritstjóri. (Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1994, bls. 157).

¹² Sama rit, bls. 190.

Því hafa margir tekið eftir, hversu illa og sóðalega fjöldi manna á Íslandi fer með vöru sína, og mörgum þykir sem það fari sumstaðar í vöxt; hafa og ekki allfáir föðurlandsvinir ritað um það hugvekjur. Þetta er bæði satt og það er einnig hið mesta mein landinu, því ill vara skemmir ekki aðeins fyrir sjálfri sér, heldur er hún og þeim til svívirðingar, sem selja, og kemur illum róm á landið, sem hún er frá, og alla þjóðina, fyrir óþrifnað og vitleysu. ... Verzlunarfrelsi kenndi mönnum bezt að vanda vöru sína, eins á Íslandi og í öðrum löndum ...¹³

Hirðuleysi um vöruvöndun hefur loðað við íslenska framleiðslu í skjóli verndarmúra allar götur fram á síðustu ár eins og nýlegar fréttir um illan aðbúnað á kjúklingabúum vitna um, sem gekk svo fram af sjónvarpsfréttamönnum, að þeir treystu sér ekki til að sýna myndir þaðan 2011.

Jóni Sigurðssyni var einnig ljóst samhengið á milli viðskiptafrelsis, menntunar og menningar, að viðskipti *eru* menntun:

Annar annmarkaflokkur rís af því, að verzlan Íslands er bundin við eitt land, en bægt frá viðskiptum við öll önnur lönd. Þetta er móthverft öllu eðli verzlunarinnar og allrar menntunar, því þar er grundvölluð á framför og velgengni mannkynsins, að hver býti öðrum gæðum þeim, sem hann hefir, og allir styðji eftir megni hver annan. Þegar syndgað er móti þessari reglu og boðorði náttúrunnar sjálfar, þá er hegníng viss hverri þjóð, sem það gjörir, og hegníng sú er skömm og skaði hennar sjálfar. Ekkert land í veröldinni er sjálfu sér einhlítt, þó heimska mannanna hafi ætlað að koma sér svo við, að það mætti verða, en ekkert er heldur svo, að það sé ekki veitanda í einhverju og geti fyrir það fengið það, sem það þarfnast. En þegar það getur fengið það, og það veitir einmitt verzlanin, þá er það eins og það hefði sjálft þessi gæði. Þegar nú verzlanin er frjáls, þá leitar hver þjóð með það, sem hún hefir aflögu, þángað sem hún getur fengið það, sem hún girnist, eða hún færir einni þjóð gæði annarrar; ... Það er auðsætt, að þegar ein þjóð færir annarri, þá verður sú undir, sem fært er, miklu framar en þegar hver þjóð flytur það, sem henni er haganlegast, og sækir, hvað hún girnist. Sú þjóð, sem fært er, loðir við veröldina (ef svo má að orði kveða) á einum þætti, og ljós menntunarinnar lýsir henni frá einni hlið. Þetta hnekkir framförum hennar á margan hátt og gjörir hana ókunnuga veröldinni og einþykka og hleypidómasama.¹⁴

Um menntun segir Jón 1845:

Alls staðar meðal síðaðra þjóða er menntun talin aðalstofn allra framfara, andlegra og líkamlegra, og reynslan hefir sýnt að svo er. Því almennari, sem menntun verður meðal allra stétta, því nær verður komizt aðaltilgangi mannlegs félags, sem er, að sérhver einstakur maður nái þeirri fullkomnun og farsæld, sem mest má verða, og allir eiga frá upphafi jafna heimting til að öðlast.¹⁵

Takið eftir jafnræðiskröfunni í lok textans.

Eitt helzta ágreiningsefnið á vettvangi stjórnmálanna fyrr og nú snýst um afstöðu manna til frjálsra viðskipta. Rökin fyrir frjálsum viðskiptum hvíla á þeirri forsendu, að

¹³ Sama rit, bls. 200.

¹⁴ Sama rit, bls. 180-181.

¹⁵ Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 322).

hagsbótum aukins viðskiptafrelsis sé skipt þannig, að enginn beri skarðan hlut frá borði. Ef þjóðarheildin hagnast, þarf enginn að missa spón úr aski sínum: það er kenningin, sem rekja má allar götur til Adams Smith. En reyndin er oft önnur. Sumir missa spón úr aski sínum. Frjálsum viðskiptum fylgir röskun og þá um leið hættan á, að sumir missi vinnuna vegna aukinnar samkeppni að utan, og það getur tekið þá tíma að finna sér nýjan starfsvettvang og hasla sér völl þar. Þess vegna óttast sumir frjáls viðskipti og leggjast gegn þeim, þótt þjóðarheildin myndi hagnast á þeim.

Fleira hangir á spýttunni, þar á meðal hættan, sem sumir telja, að smáríkjum sé búin í allsherjarbandalagi eins og Evrópusambandinu með miklu fjölmennari þjóðum. Þeir, sem hika eða eru beinlínis andvígir aðild, orða þessa hugsun sína stundum svo, að stórbjóðirnar muni svelgja hinar smærri. Hvaða skoðun ætli Jón forseti hefði haft á því? Ég hygg, að eftirfarandi ummæli hans frá 1866 taki af tvímæli um það:

Þú heldur, að einhver svelgi okkur. Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi, að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti. Frelsið er ekki í því að lifa einn sér, og eiga ekki viðskipti við neinn. Frelsið kemur að vísu mest frá manni sjálfum, en ekkert frelsi, sem snertir mannfélagið, kemur fram nema í viðskiptum, og þau eru því nauðsynleg til frelsis.¹⁶

Þessi ummæli eru tekin úr bréfi Jóns til Jens Sigurðssonar rektors, bróður Jóns. Jón þurfti á öllum sannfæringarmætti sínum að halda í rökræðum um verzlunarmálið við efasemdarmenn meðal bænda og einnig meðal embættismanna í Reykjavík. Óttinn var og er skiljanlegur, en hann haggaði ekki Jóni Sigurðssyni.

Jón forseti var ódeigur og djarfur umbótamaður. Hann hélt merkjum þjóðfrelsis og frjálsra viðskipta hlið við hlið hátt á loft. Hann vildi, að ferskir vindar og stríðir straumar fengju að leika frjálsir um landið. Hann óttaðist ekki um stöðu Íslendinga í straumkasti stórbjóðanna. Þess vegna var hann hlynntur erlendum viðskiptum og erlendri fjárfestingu. Hann var sannfærður um, að Íslendingar myndu eflast af samskiptum við aðrar þjóðir.

Rök Jóns forseta fyrir þeirri sannfæringu, að þjóðfrelsi og hagfrelsi haldast í hendur, sé vel á haldið, ganga gegn þeirri skoðun, að aukin tengsl við útlönd, til dæmis með aðild að Evrópusambandinu, ógni fullveldi Íslands. Fullveldi lands getur ekki verið óskorað, hvorki fullveldi Íslands né annarra landa. Ekkert land heimsins er

¹⁶ Jón Sigurðsson í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans, Vilhjálmur Þ. Gíslason gaf út (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 329). Tilvitnunin er tekin úr bréfi Jóns til Jens Sigurðssonar rektors, bróður Jóns, 3. október 1866. Bréfið er eitt þeirra bréfa, sem ekki eru prentuð í bréfasöfnum Jóns.

í reyndinni fullvalda nema kannski Norður-Kórea – og varla hún heldur, því að Kínverjar og jafnvel aðrir hafa sitt að segja þar austur frá. Þjóðir skerða fullveldi sitt vitandi vits með samstarfi við aðrar þjóðir einmitt til að vernda fullveldið.¹⁷ Í þessum orðum er engin þversögn fólgin. Í lýðræðisríkjum, þar sem meiri hluti kjósenda ræður ferðinni á stjórnmalavettvangi, verður gagnkvæm fullveldisskerðing á afmörkuðum sviðum jafnan fyrir valinu í frjálsum kosningum, en þó ekki alltaf, því að stundum ná sérhagsmunir að yfirgnæfa almannahag.

Jón Sigurðsson lýsir andstæðingum viðskiptafrelsis svo, að

... fáir leggi sig niður við að hugsa svo ítarlega um mál þetta, þó það sé eitt af velferðarmálum landsins, og skoði þess vegna eitt og annað, sem minnst er vert, og láti það villa sér sjónir á hinu meira; sumir þekkja ekki sögu landsins og tortryggja allar þær ályktanir, sem þaðan eru teknar og af dæmum áþekkra landa; sumir láta þá telja sér trú, sem þeir eiga mest við að sælda, og sumir eru hræddir við allar breytingar og halda fast við málsháttinn: að skjaldan fari betur þá breytt er, en gæta ekki hins: að “sami saur er verstur”, og mörgu hefir verið breytt til batnaðar, bæði á Íslandi og annarstaðar.¹⁸

Jón heldur áfram:

... landsmenn þurfa ekki að óttast verzlunarfrelsi, þó þeir gæti varla flutt neitt af vöru sinni burt sjálfir fyrst um sinn, því verzlunarfrelsið bægir þeim alls ekki frá að færa sig upp á skaftið og taka smám saman meiri og meiri þátt í verzlun landsins, ef þeir gæta sín og hirða um velferð sína og framför; verzlunarfrelsið verður þeim miklu framar til upphvatningar og léttis, eins og það hefir orðið annarstaðar og að nokkru leyti á landinu sjálfu.¹⁹

Viðskiptamálin voru ekkert aukamál á dagskrá Jóns forseta, heldur voru þau mál málanna í huga hans ásamt skólamálum, en þau voru þá einnig í ólestri eins og nú.

Tólf árum eftir að ritgerð Jóns “Um verzlun á Íslandi” birtist í *Nýjum félagsritum*, eða 1855, féllust Íslendingar á að taka upp fríverzlun út á við með því að afnema aldalanga verzlunareinokun Dana. Þó var ekki hróflað við ýmsum þrúgandi hömlum á innlend viðskipti, verðlags- og launamyndun, hreyfanleika vinnuafis á milli staða og iðnþróun almennt. Þetta hefur dregið dilk á eftir sér og hamlað framþróun efnahagslífsins um landið allt fram á okkar daga.

Ritgerð Jóns „Um verzlun á Íslandi” skipti sköpum með því að sveigja fylgismenn Jóns um allt land að fríverzlunarhugsun hans. Ritgerðin lagði grunninn að málflutningi hans á endurreistu Alþingi 1845, 1847 og 1849 og síðan á þjóðfundinum

¹⁷ Sjá Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex, Reykjavík, 2006).

¹⁸ Jón Sigurðsson í *ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans*, Vilhjálmur Þ. Gíslason gaf út (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 205).

¹⁹ Sama rit, bls. 207.

1851. Fyrir fundinum lá frumvarp dönsku stjórnarinnar, sem var ætlað að vernda gróna danska fastakaupmenn fyrir samkeppni af hálfu lausakaupmanna og kaupmanna annarra þjóða. Þjóðfundurinn fól sjö manna nefnd að fjalla um frumvarpið, og var Jón Sigurðsson framsögumaður nefndarinnar. Að frumkvæði Jóns sneið nefndin ófrelsisákvæðin burt úr frumvarpi stjórnarinnar og lagði fram nýtt frumvarp um frjáls viðskipti án sérstakra verndarákvæða handa fastakaupmönnum. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðfundarmanna samþykkti frumvarpið gegn andstöðu aðeins fjögurra af sex konungkjörnum þingmönnum. Skömmu síðar sleit Trampe greifi þjóðfundinum gegn vilja þingheims, eins og alkunna er. Fundurinn náði þó að skila af sér tímamótafrumvarpi Jóns forseta og félaga hans um viðskiptafrelsi, og var það grundvöllur nýrra laga um siglingar og verzlun á Íslandi, sem tóku gildi 1. apríl 1855. Þjóðfundurinn lagði með þessu móti grunninn að frjálsum viðskiptum á Íslandi, þótt hann þokaði landinu ekki í átt að auknu þjóðfrelsi nema óbeint í gegn um aukið frelsi í viðskiptum. Að þessu leyti tókst þjóðfundurinn 1851 býsna vel.

Jón mun hafa hreyft þeirri hugmynd við fáeina vini sína og samstarfsmenn, að Íslendingar ættu að skipa verzlunarfylltrúa í Kaupmannahöfn að fengnu viðskiptafrelsi 1855 til að gæta hagsmuna Íslands í Höfn. Enginn fékkst til að flytja tillögu um þetta á Alþingi, svo að ekkert varð af þessu.²⁰

III. Dvínandi áhrif

Ísland er e.t.v. eina land heimsins, þar sem faðir lands og lýðveldis var jafnframt fyrsti hagfræðingurinn í þeim skilningi, sem hér hefur verið lýst. Þessari hlið sjálfstæðishetjunnar hefur lítt verið haldið til haga í Íslandssögu þeirri, sem kennd hefur verið í skólum æ síðan. Um þjóðernissinnann og þjóðfrelsishetjuna eru höfð mörg hástemmd orð í námsefni handa börnum og unglíngum, en um heimsborgarann og hagfrelsishetjuna er lítið sem ekkert sagt.²¹

Þess vegna er flestum núlifandi Íslendingum ekki vel kunnugt um afstöðu Jóns Sigurðssonar til efnahagsmála og frjálsra viðskipta. Hefðu þeir vitað betur, er óvíst, hvort tekizt hefði t.d. að leggja bann við innflutningi landbúnaðarafurða skömmu eftir 1930, enda hafði frumvörpum í þá veru verið hafnað á Alþingi skömmu fyrir 1890. Bannið við innflutningi landbúnaðarafurða stendur að mestu enn til mikils skaða fyrir

²⁰ Sjá Sverrir Jakobsson, *Af blöðum Jóns forseta* (Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1994, bls. 23-24), og Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar* (Skuggsjá, Hafnarfirði, 1961, bls. 190).

²¹ Sjá Gunnar Karlsson, „Forsetinn í söguritun Íslendinga“, *Andvari*, 136. ár, I (Reykjavík, 2011, bls. 29-46). Gunnar fjallar þó ekki um þá slagsíðu, sem lýst er í meginmáli þessarar greinar.

neytendur og fyrir þjóðfélagið í heild. Innflutningsbannið vitnar um hugarfar, sem hefur að miklu leyti mótað hagstjórn á Íslandi frá 1927 fram á okkar daga.

Jón forseti sótti styrk og stuðning til bænda. Þeir voru langvoldugasta þjóðfélagsaflið um hans daga, enda lifðu lifðu Íslendingar fram yfir aldamótin 1900 nær eingöngu á landbúnaði. Nánar tiltekið höfðu 82% af mannaflanum framfæri sitt af búskap við upphaf 19. aldar, þegar þetta var, og 6% sóttu sjóinn meðfram búskapnum. Iðnaður var næstum enginn (1%). Um 11% mannaflans voru skráð í þjónustustörf, en í þeim hópi eru ómargar flestir og síðan þeir, sem stunda „ólíkamlega atvinnu“, svo sem embættismenn, menntamenn, málafærslumenn, blaðamenn o.þ.h.²² Jón hlaut því að taka mið af viðhorfum bænda, en hann skildi nauðsyn þess að nota frjálsum viðskipti til að efla bæina, sem voru að verða til og vaxa upp við sjávarsíðuna. Hann beitti sér sjaldan í þeim málum þar sem skoðanir hans stönguðust á við viðtekið álit Íslendinga,²³ en þó lagðist hann gegn stuðningsmönnum sínum í fjárkláðamálinu, þegar hann mælti með lækningu, eins og danska stjórnin, í stað niðurskurðar nokkru fyrir 1860. Hylli hans meðal Íslendinga dvínaði þá verulega um tíma. Hann kom ekki til Íslands í sex ár samfleytt eftir þetta. Honum var ekki boðið til hátíðahaldanna á Þingvöllum á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar 1874, þar sem Kristján konungur níundi afhenti Íslendingum nýja stjórnarskrá. Ýmist var sú skýring gefin á fjarveru Jóns, að hann væri embættislaus (þingið sat annað hvert ár, ekki 1874, svo að Jón var þá ekki þingforseti), eða þá, að hann hefði skyggt um of á kónginn, hefðu þeir báðir verið á staðnum. Hvort tveggja var einber fyrirsláttur. „Fjarvera Jóns Sigurðssonar á þjóðhátíðinni 1874 er auðvitað fullkomið hneyksli“, segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, ævisöguritari Jóns.²⁴ „Ég er vanur fátækt,“ skrifar Jón af öðru tilefni 1874, kominn þrjú ár um sextugt.²⁵

Kannski af því að hann sótti styrk og stuðning til bænda, tók Jón Sigurðsson aldrei afstöðu gegn vistarbandinu, sem jaðraði þó við þrælalald. Vistarbandið batt vinnumenn við einstaka bændur og jarðir, svo að vinnumönnum var ófrjálst að leita sér að annarri betur launaðri vinnu við sjávarsíðuna, þar sem bæirnir voru að vaxa úr grasi. Vistarbandið batt verkafólk, svo lengi sem það átti ekki eigið heimili, við vistráðningu til heils árs í senn og var ekki numið úr lögum fyrr en eftir 1890, en þó

²² Sjá *Hagskinna* (Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1997, bls. 211).

²³ Sjá Guðmundur Hálfðánarson, “Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld”, í *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (Reykjavík, 1993, bls. 30).

²⁴ Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson Ævisaga II* (Mál og menning, 2003, bls. 512).

²⁵ Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 330).

voru ýmsar hömlur áfram lagðar á flutninga vinnufólks úr sveitum að sjó, til dæmis ef það var skuldugt, og á þróun þéttbýlis yfirleitt. Enn eimdi eftir af þessum hömlum um miðja 20. öld. Þá voru enn til niðursetningar í sveitum.²⁶

Jón Sigurðsson var uppreisnarmaður í eðli sínu, kröfuharður andófsmaður. Hann sagði eitt sinn sjálfur, að hann ætti bezt heima „á oppositionsbekknunum“.²⁷ Íslenzkum valdhöfum að fenginni heimastjórn fannst þá e.t.v. varlegra að halda uppreisnarmanninum í hæfilegri fjarlægð. Raunin varð sú, að í kennslubókum handa börnum og unglingum og í hátíðarræðum á tyllidögum var Jóni forseta lýst sem fjarlægri þjóðfrelshetju, án þess að orði væri vikið að helzta baráttumáli hans, verzlunarmálinu, enda eiga frjáls viðskipti á Íslandi enn undir högg að sækja.

Mönnum hefur sumum, jafnvel fram á síðustu ár, þótt óþægilegt að rifja upp, að Jón Sigurðsson var bæði þjóðfrelshetja og viðskiptafrelsisfrömuður, því að síðari hluti rétrar lýsingar á landsföðurnum minnir á, að landsmenn hlýddu ekki kalli hans nema til hálfis. Einn hópur manna skar sig þó úr, enda áttu þeir sjaldan aðild að landsstjórninni. Stjórnámálamenn, sagnfræðingar og skáld á vinstri væng stjórnmalanna leyfðu Jóni Sigurðssyni að njóta sannmælis. Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur birti margar lærðar ritgerðir um Jón forseta og hélt til haga öllum hliðum hans. Sverrir segir um framlag Jóns í *Þjóðviljanum* 1. apríl 1955:

Afnám hinnar dönsku viðskiptaeinokunar var svo djúptæk söguleg nauðsyn íslensku þjóðlífi, að án þess hefði engin efnahagsleg né pólitísk framför orðið á Íslandi. Þá var frjáls verslun á Íslandi blátt áfram frelsi Íslands. ... Frjáls verslun á Íslandi árið 1955 er frjálst okur. Hún er frelsi hinna fáu til að okra á fjöldanum. ... Alþýða Íslands hefur í dag öðrum störfum að sinna en klappa frjálsri verslun lof í lófa.²⁸

Eitt dæmi enn má nefna um dvínandi áhrif Jóns forseta eftir fráfall hans. Jón gætti þess ævinlega að koma vel og virðulega fram við andstæðinga sína jafnt og samherja. Hann var málefnalegur og rökfastur fram í fingurgóma. Hann hældi samherjum sínum og þagði í versta falli um andstæðingana. Hann skrifaði nær aldrei skammargreinar og þá aðeins í sjálfsvörn, væri að honum ráðizt svo sem stundum gerðist. „Var það þá eigi fyrir ístöðulitla menn að mæla í móti honum”, segir Eiríkur Briem, fyrsti ævisöguritari Jóns.²⁹

²⁶ Sjá Ómar Þ. Ragnarsson, *Manga með svartan vanga* (Fróði, 1993).

²⁷ Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 13).

²⁸ Sjá Sverrir Kristjánsson, *Ritsafn I-IV* (Mál og menning, 1981, II, bls. 14-15).

²⁹ Sjá Eiríkur Briem, „Jón Sigurðsson”, *Merkir Íslendingar I* (Bókfellsútgáfan, Reykjavík, 1947, bls. 1-41).

Jón Sigurðsson brýndi samherja sína til dáða með þrotlausum bréfasendingum frá Kaupmannahöfn heim til Íslands auk allra ritgerðanna í *Nýjum félagsritum* og annarra ritverka. Ritgerðir hans og bréf höfðu örvandi áhrif í dreifðu fásinni sveitanna og voru einn lykillinn að lýðhylli hans. Upplag *Nýrra félagsrita*, sem Jón hélt úti 1841-1873 og birti þar ritgerðir sínar, var oft um 400 seld eintök,³⁰ en fyrsti árgangurinn var prentaður í 1.000 eintökum. Félagsmönnum Bókmenntafélagsins, þar sem Jón var forseti Hafnardeildarinnar frá 1851 til dauðadags, fjölgaði úr tæpum 200 í tæp 800 í forsetatíð hans.

Andstæðinga eignaðist Jón forseti ekki marga, slíkir voru yfirburðir hans á vettvangi stjórnmalanna. Til voru þó þeir, sem stóðu uppi í hárinu á honum. Einn þeirra var Grímur Thomsen skáld, sem var lengi embættismaður í dönsku utanríkisþjónustunni og konungkjörinn þingmaður um skeið. Grímur starfaði með Jóni að útgáfu *Nýrra félagsrita* framan af, hann var níu árum yngri en Jón, en snerist síðan allur á band með Dönum gegn Jóni og samherjum hans og flæktist fyrir Jóni á ýmsa lund, jafnvel út yfir gröf og dauða. Maður nokkur gaf sig á tal við Grím við útför Jóns og Ingibjargar og sagðist ekki hafa átt von á að sjá Grím þar. „Ég vildi sjá hann grafinn“, svaraði Grímur að bragði. Grímur Thomsen mun hafa verið eini maðurinn, sem ekki var svartklæddur við útförina, og varð séra Matthíasi Jochumssyni þá að orði: *Grímur fylgdi á gráum kufli gamla Jóni, hreysiköttur konungsljóni*. Grímur stóð í vegi fyrir því, að Íslendingar reistu stytta af Jóni Sigurðssyni strax að honum látnum, þegar Brynjólfur Bergslien, einn helzti myndhöggvari Norðmanna, stóð Íslendingum til boða. Líkneskið reis löngu síðar (og stendur nú á Austurvelli andspænis Alþingishúsinu), og var þá Einar Jónsson myndhöggvari fenginn til að vinna verkið.

Annar andstæðingur Jóns var séra Arnljótur Ólafsson, sem fyrr var nefndur og sat alllengi á Alþingi ásamt Jóni. Arnljótur lagðist þver gegn röksemdum Jóns í stjórnskipunardeilunni við Dani. Rök Jóns voru þau, að Íslendingar ættu inni hjá Dönum mikið fé, þar eð Danir hefðu á fyrri tíð selt íslenzkar þjóðjarðir og kirkjujarðir og auk þess haft mikinn arð af einokunarverzluninni. Jóni reiknaðist til, að þessi krafa næmi um 120 þúsund ríkisdöllum, en frá drægjust 47 þúsund ríkisdalir vegna árlegs tillags Dana til Íslendinga. Til samanburðar voru árslaun Jóns vegna útgáfustarfa um

³⁰ „Eigi var nú áhugi landsmanna að kynna sér stjórnréttindamál meiri en þetta“, segir Tryggvi Gunnarsson bankastjóri í endurminningum sínum. Sjá Tryggvi Gunnarsson, *Endurminningar* (Reykjavík, 1918, bls. 121, sérprentun úr *Tímanum*).

þúsund ríkisdalir, þegar vel gekk. Þessi reikningskrafa Jóns á hendur Dönnum var liður í sanngjörnu uppgjöri landanna af sjónarhóli hans, þegar Íslendingar tækju við stjórn eigin mála. Danir tóku kröfu Jóns ekki í mál, og Arnljótur Ólafsson var í hópi þeirra Íslendinga, sem litu málið sömu augum og Danir og gerði lítið úr málflutningi Jóns. Reikningskrafa Jóns rímar vel við nútímann. Stjórnvöld á Haítí hafa hugleitt málaferli gegn Frökkum til að heimta bætur fyrir gamlar misgerðir, en sitt sýnist hverjum um lagalegar hliðar málsins svo sem nærri má geta. Frakkar taka kröfur Haítímanna ekki í mál.

Hvernig sem því vísur við leið kurteislegur og málefnalegur stjórn málastíll Jóns undir lok með honum sjálfum, og vettvangur stjórn mála breyttist smám saman í vilpu, sem ekki hefur enn tekizt að lyfta stjórn mála menningunni upp úr. Um virðingu Alþingis sagði Jón 1845:

Það er skylda þingmanna, bæði við landið og þjóðina, við þingið og við sjálfa sig, að þola enga ósiðsemi á þeim stað, eða neitt, sem getur rýrt tign eða álit þingsins meðal alþýðu, og þetta ætla ég muni vera hægt, eins á Íslandi og annars staðar.³¹

Jón Sigurðsson var einarður og stundum þungorður þjóðfélagsgagnrýnandi. Hann segir á einum stað:

Til að bægja annmörkunum þarf að halda þeim alltaf skarpt fram og sýna hvað skaðlegir þeir sé í alla átt. Með því næst um síðir það, sem maður vill, en þögnin heldur öllu í status quo – og status quo vitum við er afturför.³²

Af þessum orðum Jóns öllum og öðrum skrifum má ráða, hverjum augum hann liti málflutning þeirra, sem halda áfram að flækjast fyrir frjálsum og heilbrigðum búskaparháttum á Íslandi, enda segir Jón í ritgerð sinni „Um verzlun á Íslandi“:


... og er ekkert hryggilegra umhugsunarefni fyrir þann, sem nokkuð hugsar um fósturjörð sína, en að sjá hvert tækifæri þannig sleppa fyrir eintóma handvömm þeirra, sem ráðin hafa ...³³

³¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 323).

³² Úr ræðu frá 1842. Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 316).

³³ Sama rit, bls. 169.

Jón Sigurðsson (1811-1879)



Brjóstmynd eftir Brynjulf Bergslien (1871)